RÁÐHÚS, DIGRANESGÖTU 2
310 BORGARNES
SÍMI 433 7100; FAX 433 7101
WWW.BORGARBYGGD.IS
BORGARBYGGD@BORGARBYGGD.IS

BORGARBYGGÐ

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Borgarnes 21. febrúar 2023
*Málsnúmer*: 2210045

Efni: **Breyting á legu þjóðvegar við Borgarnes** – skipulagslýsing.

**Varðar umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti skipulagslýsingu að breytingu aðalskipulags fyrir breytingu á legu þjóðvegar (nr. 1) við Borgarnes til auglýsingar á fundi sínum nr. 236 þann 9. febrúar 2023.

Fyrirhugað er að breyta legu þjóðvegar við þéttbýlið í Borgarnesi og stækkun á íbúðarsvæði Í12, þar sem áætlað er að koma fyrir um 20-25 íbúðum. Þéttbýlisuppdráttur verður stækkaður til samræmis við breytta legu þjóðvegar. Horft verður á tvo meginvalkosti, leið 5 einvörðungu og blöndu af leiðum 3 og 5.

Skipulagslýsingin var auglýst í Fréttablaðinu 21. febrúar 2023. Þá liggur skipulagslýsing fyrir til kynningar í Ráðhúsi Borgarbyggðar. Skipulagsauglýsingin er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is

**Óskað er umsagnar skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Umsagnafrestur er til og með 9. mars 2023.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.

Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is, einnig er velkomið að hringja í síma 433 7100.

Virðingarfyllst,

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar

Meðfylgjandi:

Skipulagslýsing dags. janúar 2023